

FERÐASAGA.

Eflir dr. Helga Pjeturss.

Ferðasaga.

Eftir dr. Helga Pjeturss.

Fleira veit er fleira reynir.
Grettir.

Englandshafi 5. okt. 1911.

1.

Mig fór að dreyma illa. Mig dreymdi, að jeg hefði verið að útskýra fyrir einum af gáfaðri kunningjum mínum einhvern áriðandi þekkingarauka, sem jeg hefði fundið, og að hann skildi ekkert í því, sem jeg væri að segja. Og mig dreymdi ennþá ver. Svo vaknaði jeg. Það var í mjer skjálfti; ekki var það af sjóveiki, því að jeg verð trauðla eða ekki sjóveikur; heldur ekki af hræðslu, því að ekki er jeg sjóhræddur; ekki heldur var það af kulda, því að fremur var of heitt en of kalt. Jeg komst að þeirri niðurstöðu, að ónotin og skjálftinn mundu standa af byrjandi óloftseitrun. Jeg fór því á

2

fætur, þó að mið væri nótt, til að ná í dálítið af góða loftinu á þiljum uppi. Alt var lokað niðri; fólk brytans hafði víst gert sjer í hugarlund, að veðrið væri vont; en svo var ekki. Dimt var yfir, en skipið ruddist dunandi gegnum hinn veglausu mar, sem hraðrann gjálfrandi með járnúðinni og gnauðaði eyðilega við sjálfan sig í myrkrinu alla vega út frá. Eftir nokkra stund fór jeg niður aftur, lagðist út af og fór að hugsa. Það kom nú raunar ekki til af góðu. Jeg hefði miklu heldur viljað sofna. En þess var ekki kostur. En jeg hef þann leiðinda ávana að hugsa eigi allsjaldan af svo miklu kappi, að jeg verð of þreyttur til að skrifa og jafnvel til að tala það, sem mjer er næst skapi. En þó vona jeg með tímanum að geta komið ýmsu af því fyrir almennings augu.

2.

Í gær gat jeg um óloftið, sem hjer væri á skipinu, og mun vera einna mest orsök til þeirrar sjó-

Kafla 1-8 í Ferðat. s 248-256

veiki, sem hjer er innanborðs, ásamt því, að fólk hefur ekki vit á að fasta einn dag og hreinsa vel munninn (með saltvatni), áður en það fer á sjóinn. Í nótt var miklu betra loftið, bæði af því að hann er stinnhvass á móti, og svo var ekki eins vandlega lokað. Jeg er því fremur í skapi til að geta þess, sem gott er á fari þessu. Aasberg þarf jeg ekki að hrósa. Hann hefur, eins og kunnugt er, með lífsháská bjargað mönnum frá bráðköfnun, og mjer er grunur á, að hann eigi nokkurn þátt í þeim umbótum, sem urðu um loftið frá því í fyrri nótt, þó að ekki ráði hann fyrir storminum, auðvitað. En það er skipið sjálft, sem jeg ætlaði að hrósa dálítið. Það er hið gangmesta Íslandsfar, sem jeg hef verið á, og þó hið fyrsta, þar sem jeg hef getað lesið og skrifað án verulegra óþæginda fyrir mig. Hin hristust of mikið; voru of veikbygð fyrir vjellina.

3.

Eitt af því, sem jeg vildi feginn geta hrósað hjer á skipinu, er maturinn. Því að mjer þykir ákaflega gaman að borða vel, og gott viðurværi er, eins og kunnugt er, eigi aðeins til gamans, heldur einnig til gagns. Jeg hef oft hugsað um þessi efni á Englandi og Skotlandi, þar sem fyrirfólkið jetur betur en viðast hvar í Evrópu eða alstaðar. Og mjer er þykja líklegra og líklegra, að ef þetta sama fólk hefði fram í ættir átt heima á Íslandi, við kúgun af þeim, sem minna og verra var í spunnið, við eldgos og ísa, við vösbúð og óloft, soltið til bana stundum, en jettið eigi allsjaldan of mikið af ormabornu, sviknu mjöli, úldnu keti og skemdu smjeri, þá mundu Ísland byggja nú algerðir skrælingjar. Og hinsvegar, að ef niðjar landnámsmannanna íslensku, þeirra, sem svo oft hjetu hinn sterki, hinn rammi, hinn hávi, hinn spaki, hinn gamli, og í kvenkyni hin djúpúðga, hin fagra, Knararbringa, Hólmasól og fleira

Logretta 1-9-11 s. 213

gott (hárinu er ekki hrósað í viðurnefnum, líklega af því að fagurt hár var svo algengi), ef niðjar landnámsmannanna íslensku, sagði jeg, bygðu Bretlandseyjar, þá mundu þeir að afli, fegurð og viti taka fram jafnvel þeim, sem bestir eru í þessum miðgarði heimsríkisins breska, og önnur eins svivirðing eins og t. a. m. þetta heimskulega stríð milli og Ítala og Tyrkja mundi ekki hafa átt sjer stað. Þetta segi jeg auðvitað ekki til að smjæðra fyrir löndum mínum, sem kunna ekki ennþá rjett að meta forfeður sína eða rjettara sagt foreldri, því að formæðrunum má sannarlega ekki gleyma, þó að sögurnar geri það um of og líka dætur þeirra raunar. En jeg segi það, sem jeg segi, af því að jeg held að það sje í áttina að sannleikanum. Og þar tek jeg fyllilega undir með Þorsteini Erlingssyni, er hann segir um sannleikann: »Og þjer vinn jeg, konungur, það, sem jeg vinn«. Eða að minsta kosti vil jeg reyna til að gera það, og það af því að

jeg held, að sannleikurinn sje eigi aðeins sagna bestur; því að sannsögur eru jafnan skemtilegri en skáldsögur, sjeu þær nógu vel sagðar og eigi þagað yfir of miklu fyrir ragmensku sakir eða fákænsku, og það er trúa mín, að á endanum verði sannleikurinn bestur, og það, sem best er, sannleikur. En hjer riður nú á vísindum og varúð.

Lesandinn verður að afsaka þessa lykkju á leiðinni, sem hefur tekið nokkuð af þann gang, sem jeg vildi jafnan að væri á frásögn minni og er á henni eigi allsjaldan, eins og lesandinn mun hafa tekið eftir, hafi hann lesið sjer til fullrar skemtunar. En það er bón mín til lesandans, að hann lesi vandlega og viti, hvort hann með því að tvílesa finnur ekki, að sitthvað er fróðlegra eða betur sagt en í fyrstu áhorfðist. Ennfremur bið jeg lesandann mjög að taka vel eftir, þegar það eru prentvillur, sem taka skriðinn af, og kenna mjer þá ekki um. Í öllu, sem jeg hef skrifað og ekki leiðrjett í prentun, eru

meinlegar prentvillur. Í ferðabryfi, sem stóð í Lögrjettu 22. apríl 1908, stendur t. a. m.: hinar sædjörfu Vestmannaeyjar, en það voru auðvitað Vestmanneyingar, sem jeg átti við.

4.

Það var fagurt að litast um nú á þiljum uppi, sólskin yfir blárri smábárunni og mörg Englandsför og önnur alt í kring, því að hjer er fjölfarin skipaleið. Er það skrautleg sjón að sjá stórskip bruna fram undir öllum seglum, og hneigja dætrum Ránar, en ylgjan rís brimlöðrandi við stafninn. Er hjeðan skamt til Jótlandsstrandar, en hún er hættuleg, því að hana sjer svo skamt til, og hafnleysur. Hefur þar margur braustur drengur endað förina yfir Englandshaf öðruvísi en ætlað hafði, bæði áður og síðan Steinn hinn prúði, son Skapta Þóroddssonar, braut hjer skip sitt og komst einn í land lífs og þó þrekaður mjög, hefur líklega verið knástur af skipverjum. Var hann

myrtur þar sem hann lá í fjörunni og gat enga björg sjer veitt, og er nú tekið betur við skipbrotsmönnum á Jótlandsströnd.

5.

Þá er jeg nú kominn til Kaupmannahafnar og sit hjer á lestrarstofunni á Garði og horfi út um gluggann á Sívalaturn, sem gnæfir upp sótgrár og sautjándualdarlegur, eins og hann gerði þegar jeg sá hann fyrst fyrir 20 árum, og raunar áður. Og fjöldi fólks er á ferðinni fram og aftur, og lætur flest eins og það eigi annríkt, og sumt er í vögnum, sem velta áfram með hófaskellum og hringingum, ef það eru þá ekki bifreiðar. Og alt andar það að sjer þessu þefilla ryki, sem mest er í hrossatað og hundaskítur, og sumt þaðan af verra, en alt er þetta einn ávöxtur þeirrar tilraunar til að gera jörðina byggilegri, sem stórborgirnar eru. Eins og lesandinn tekur eftir, þá skrifa jeg ver en í gær, og það er óhugur í

Lögrietta 1911

mjer, eins og altaf, þegar jeg kem í kaupstað, af sjó eða ofan úr landi. Jeg er að eðlisfari sveitamaður og sjómaður fremur en bæjarmaður, og álit það eitt af aðalóhöppum ævi minnar, að jeg skyldi fæðast í kaupstað. Mjer hefur oft fundist eins og kaupstaðarþúar, einkum börnin, ættu enga fósturjörð í sam-
anburði við hina, og það ættu þeir sveitamenn að athuga, sem börn eiga og eru að hugsa um að flytja í kaupstað, að betra er börnunum, eða ætti að geta verið, í sveitinni, þó að slæm sje kuldakreppan og annar skortur, sem með jöfnum efnum fremur má bæta úr í kaupstaðnum.

En jeg verð að nenna að skrifa dálítið um matinn á Botniú, áður en mjer fynnist það of mjög.

6.

8. okt. nótt.

Jeg hef oftreyst mjer. Jeg er hjerna ekki langt frá ráðhúsinu og turnklukku-glymjandinn bannar mjer svefn. Gegnir nærri furðu að

slíkur barnaskapur og miðalda-háttur og þetta »klukkuspil« er, skuli viðgangast í annari eins mentaborg og Höfn raunar er, þó að málið sje ekki gott. Sumum lesendum þykir þetta nú sjálfsagt skritin ferðasaga, og víst er um það, að ekki fáir mundu hafa meira gaman af, ef jeg gerði mig nokkru óeinlægari og landafræðislegri. En jeg vil heldur skemta tíu útvöldum, heldur en hundrað af hinum, enda verður það líka gagnlegra til langframa. Því að þótt undarlegt megi virðast um mann, sem aldrei hefur fundið neitt gull — nema gull sannleikans — og ekki einu sinni leitað að því, þá er það gagnið, sem jeg hef fyrir augum, á lengdar, í öllum mínum rannsókn-um, líka þeim, sem nokkuð segir af í ferðasögu þessari.

Altaf biður maturinn, en jeg er ekkert að hugsa um það, þó að jeg verði nokkuð langorður, aðeins að jeg kæmi orðum mínum vel, og auk þess hafa svo margir sagt við mig, að þeir óskuðu að jeg

side 214

skrifaði sem lengst, og að vísu hef jeg álitíð það hrós en ekki hræsni. Verða þó líklega til fyrirstöðu eitt-hvað þessi stjórnmal, sem menn eru svo langorðir um í blöðunum og rúmfrekir, og því miður líka of oft klaufyrtir og illyrtir. Og guð fyrirgefi mjer, jeg veit að mennirnir gera það ekki: mikið af því, sem menn á sinu andlega fátæktarmáli nefna pólitik, lít jeg niður á. Það virðist svo í augum uppi, hvernig og hverja ætti að kjósa til alþingis, og ef til vill verður vikið að því síðar í þessari ferðasögu; en þessi hringingameinvættur þarna uppi í turninum gerir mig svo andlega máttlausan, að jeg verð að hætta fyrst um sinn, og bíða dags og bera mig að láta ekki hugfallast, þó að ill sje nótt ósofnum.

»My womb, my womb, my womb«, segir Falstaff, »an for my womb I would simply be the most active fellow in Europe«.

Það liggur við, að mjer komi stundum svipað í hug, þó að það sje ekki offita, sem háir mjer.

En nú er best að ljúka af matnum á Botníu. Það vantaði ekki, að nógu mikið væri á borð borið, og það fjórum sinnum á dag. Jeg borðaði nú raunar aldrei nema tvisvar á dag og borgaði þó einnig þessar tvær máltíðir, sem jeg át ekki daglega, og voru það að vísu rangindi. En það var ekki nógu gott, sem fram var borið. Mjer er nær að halda, að með sama tilkostnaði hefði mátt gera farþegum veislufagnað í mat á degi hverjum, ef hyggilegar væri að farið og menn hefðu vit á að jeta minna og færra í senn. Það var of litið af hugsun í matnum, og sú vökvunin, sem langhollust er, einkum sjósjúkum, sagósúpa, ekki svo illa tilbúin og með rúsinum þó nokkru betri en það, sem menn jeta með því nafni á Íslandi vanalegast, kom ekki nema einu sinni. Yfirleitt gætu þessar ferðir milli Íslands og Danmerkur verið til heilsustyrkingar miklu meir en er, og jeg trúi því ekki um skipasmiði nútímans, að þeir geti ekki gengið svo frá, að

loftbetra sje niðri í skipunum en er, og með engu móti má óloftið úr lestinni geta komist upp um gólfíð í farþegarúminu, eins og á sjer stað í Botníu. Jeg veit ekki, hvort farþegar hafa veitt því eftirtekt, að þeim hætti fremur við höf-uðverk, þegar vindur er á eftir?

Eitt af því, sem margir vita ekki, sem hættir við sjóveiki, er, hvað það er háskalegt, að drekka sóda-vatn, þegar svo stendur á. Jeg hef sjeð það riða baggamuninn á mönn-um, sem höfðu staðið sig það vel, að þeir áræddu niður að borða. Þetta er ef til vill dálítið ógætilega að orði komist, því að mjer væri illa við, að nokkur hjeldi að mjer kæmi til hugar að gera sjóveiki eða önnur veikindi að fyndnisefni.

Jeg þori ekki neitt að staðhæfa um það, en mjer virtust dálitlar líkur til, að appollinaris, sem er þýskt ölkelduvatn, hefði gagnstæð áhrif. Appollinaris er dýrara en rjómi, en ekki fánst mjer það vit-und bragðbetra en íslenskt ölkeldu-vatn. Skyldi ekki Hjaltalin land-

læknir hafa haft rjett fyrir sjer um verðmæti ölkelduvatnsins, þó að honum skjátlaðist um sementið?

7.

Það var sólskin og stinnings-norðankaldi, þegar Botnia stefndi suður sunðið fyrir nokkrum dög-um, en þó lá reykmóða yfir þess-um smáfriðu löndum beggja megin sunds, og lá við að það kæmi í mig mannhat, þegar jeg hugsaði til þess, að kolaöldin, með allri þeirri andstygð og öllum þeim hrell-ingum, sem henni fylgja — því að árlega farast svo hundruðum skift-ir í kolanámunum — mundi nú á enda, ef ekki væru einhverjir, sem hjeldu, að þeir þyrftu að græða á kolunum. Yfirleitt er mjer fátt ver við en þennan rangsnúna gróða-vilja, sem ásamt rangsnúnum trú-arbrögðum mest hefur heft fram-farir mannkynsins, og mest verið þess valdandi, að menn fylgdu ekki nógu vel þeim, sem bestir voru og mest höfðu vitið, heldur ljetu þá verða úti á öræfum, því að það

Logretta 1911 5217

mun nærri sanni, sem stendur í einhverjum austrænum fræðum, að heimskan, eða rjettara sagt vit-skortur, sje rót alls ills, að algæskan sje til einhverstaðar, en það standi á alvískunni, til þess að almættið geti komist á, en þar er það, sem stendur á mannkyninu, líkt og Persar kendu. Þess vegna riður svo mikið á visindum og vit-auka, og má segja, að mesta hlutverk mannkynsins sje að leita sannleikans, en öll veiklun sýnir, að menn hafa horfið frá sannleikanum, þeir eða forfeður þeirra; og efflast þá oft um hrið þeir, sem siður skyldi.

Andinn er yfir mjer; jeg hef nefnilega drukkið eitt glas af vini, en því miður líka nokkur móða, því að á þessari vinstofu tíðkast, eins og víðar, sú ósvinna, að menn reykja. En til þess að sýna, að jeg mundi eiga skilið að verða í vinstúku þeirri, sem stungið hefur verið upp á, að stofnuð yrði, og þar sem einungis ætti að drekka gott vín, í stað þeirrar skaðvænu

ölyfjanar, sem á Íslandi vanalegast er nefnt vín, þá fer jeg frá hálföskunni hálfri. Landar mínir, sem hjer voru inni og jeg bauð að ljúka úr flöskunni í minn stað, voru svo miklir bindindismenn, að þeir vildu ekki, og vona jeg, að þeir haldi svo fram stefnunni.

8.

Jeg fer nú að slá botninn í, þó að sitthvað hafi orðið eftir, sem átti að komast í þessa sendingu. Jeg ætlaði að minnast svolítið á Seyðisfjörð, þar sem komið var við, og lagði þaðan nokkra dönsku-móðu (eða dansk-norsku) á móti mjer, eins og úr öllum þessum kaupstöðum, en vel fjell mjer að sjá, hvað barnaskólahúsið er myndarlegt, og óvíða munu drengir hafa lært að synda í kaldara vatni en á Seyðisfirði. Á Seyðisfirði urðu held jeg eftir Lapparnir, sem mjer þóttu svo fróðlegir að sjá. Jeg sá nefnilega, að þeir eru nákvæmlega eins og ein sú manntegund, sem nú byggir Frakkland, og kallast

Frakkar auðvitað, og skýrði þessi athugun margt fyrir mjer. Álengdar heyrðist mjer líka tungumál það, sem þeir töluðu sín á milli, alveg furðanlega líkt frönsku. Jeg veit, að lesandinn trúir því ekki, en jeg ætla samt að segja það, að þetta er afar-efstirtektaverð athugun. Það er stórmerkilegt verkefni fyrir málfræðinga og mannfræðinga, að finna, hvornig eldri mál eins og drepur í gegnum yngri. Steinaldamálið á Frakklandi — hjer fer jeg nú vist of fljótt yfir — hefur ásamt fleiru drepíð í gegnum latinuna, og gert úr henni það hroðamál, sem fransk-an satt að segja er. Jeg get ekki verið að kalla það frakknesku, því að mál Frankanna, fráunganna, hinna fránu, lá miklu nær norrænu, var norræna (Hilderik er Hildirekkur; Chlótar er Hlóðarr eða Hlotarr = Luther; Merovingar er Mörvungar). Eitthvað af hetjukvæðum þeirra, nokkuð islenskað, má sjá í Eddu Sæmundar, en Sæmundur hefur náð í þau þegar hann var í Parísarborg. Hefur þessi

ættarjöfur Oddverja líka í þeirri borg getað fengið sannar sögur af því, hverjir unnið hafi Normandí, og furðar mig á, að nokkrum sagnfræðingi skuli hafa komið til hugar, að halda því fram, að Danir hafi unnið það land, þar sem vorir sögumenn eru þar ekki í neinum vafa. Og jafnvel þó að glattast hefðu islensku sögurnar, þá mætti sjá, að það voru Norðmenn en ekki Danir, sem unnu Normandí. Danir voru sögu- og kvæðamenn miklu minni en Norðmenn, en af Norðmanna kyni eru þeir óefað, sem bókmentir Frakka hafa frægastar gert, eins og Taine (Teinn?), Flaubert (Flóðbjartur) og aðrir. Hvað norrænan er annars fastheldin, þar sem maðurinn er annars nógu góður til þess að hún nái nokkrum tókum á honum, sjest m. a. af því, að jafnvel á Englandi, sem hefur verið ótrúlega vanþakklátt gagnvart Norðmönnum og einkum Íslendingum (einnig Dönum), nefndi Byron sig Björn, eins og hann auðvitað var rjett-

Logetta

1) Fyrstu 8 kaflarnir voru í Lögr. í nóvember í haust.

Lögr. 1912 s 26

Ferðasaga.¹⁾

Eftir dr. Helga Pjeturs.

9.

Ferðasögu verða menn að skrifa eins og væri fyrir tóma vini. Og er undarlega herfilegt, að ekki skuli allir vera vinir, einkum Íslendingar, sem fremur mega þjóð heita en nokkur önnur, og allir eru skyidir. Því að allir eru Íslendingar komnir af Agli, allir af Snorra goða, og þó seinni menn væru nefndir. Væri fróðlegt, ef einhverjir ættvísir menn vildu gera sennilegar ágiskanir um það, hve margir núlifandi Íslendingar væru komnir af þjóðkunnum merkismönnum á 17. eða 18. öld. Það þyrfti að styrkja aftur ættræknina, sem var eitt það, sem mest efldi og prýddi fornmennt vora, þó að hún leiddi til ills þar sem hefndavígin voru. En til þess að vinátta gæti tekist með frændsemi, þyrftu menn að hugsa líkar og frekar í áttina að því, sem betur má fara en algengt er ennþá. Og mundi ýmislegt fara betur á landi voru, ef þeir, sem öflugastir eru í hverri ætt og efnaðastir, ljētu svolítið meira en alment gerist til sín taka um hag þeirra frænda sinna, sem mest þurfa þess með.

Og þjóðirnar ættu líka að vera frændræknari en þær eru, og sjá, hvar geymst hefur besti ættararfurinn og vaxtavænlegasti. Þá mundi oss Íslendingum betur hjálpað en er.

19

nefndur, en ekki Bæron. Einn af forfeðrum hans het Childe Burun, sem er Hildibjörn.

Ef menn hlusta vel eftir, hvernig Norðmenn tala dönsku, sem þeir af misskilningi kalla norsku, þá má vel heyra, hvernig norrænan býr undir í tungutaki þeirra og drepur í gegnum dönskuna. Jeg hef aldrei heyrt alveg norskan Norðmann tala, en mundi þykja það mjög fróðlegt. Það er merkilegt, að Norðmönnum skuli aldrei, í allri sinni málleysu og vitleysu — jeg leyfi mjer að komast svo að orði, þó að jeg gleðjist yfir, að þeir eru mesta uppgangspjóðin á Norðurlöndum nú — að þeim skuli aldrei koma til hugar að norrænan lifir ennþá, og það í sinni fegurstu mynd, íslenskunni. Þeim hefur aldrei komið til hugar að fá Íslendinga til að skrifa upp, hvernig norskustu Norðmennirnir tala, en ekki danskaða Norðmenn, sem færa mál hinna ósjálfrátt nær dönskunni en er.

Meira.

1911 s 218

Í kaflanum á undan var að vísu fljótt yfir farið, eins og oft verður í þessari ferðasögu. En þó geta sumir af því, sem þar er sagt, ef til vill skilið, hvers vegna oft slær á mig óhug, þegar jeg sje orðin »vjer Íslendingar«, eða skrifað um ættjarðarást, ósjerplægni o. s. frv. Veruleg ættjarðarást er varla til ennþá hjá oss. Mönnun er ekki einu sinni full alvara á því ennþá að rækta landið. Og væri þó óhætt að fara til þess, því að eins og jeg skal sýna fram á seinna, þá er nú að vora að sumaröld, og ekki kyn, þó að rakafult sje loftið ennþá, eins og í leysingum á vorin, en stundum hret og hrynur. Ekki er það heldur ættjarðarást, þessar skynlausu skammir um ýmislegt íslenskt, sem nokkuð oft má reka sig á. Að vísu þarf mjög hjá oss umvandanir og tilsögn, en það verður að vera af skynsemd og skilningi; menn verða að skilja, hvað íslenska þjóðin hefur átt erfitt uppdráttar, læra að meta rjett fortíð vora að góðu og illu, sjá, hvað í nútíðinni er fortíð og hvað framtíð. Og einkum þurfa menn að læra að sjá, hve mjög börnin eru framtíðin. Mjer finst ekki íslenska þjóðin vera til, nje íslensk ættjarðarást að fullu, fyr en börnin eru þjóðareign, svo að þeim sje óhætt, þó að foreldrarnir deyi, og engu hættara við að missast af vanhírðu eða fákænsku, þó að foreldrarnir hafi verið óhjónvígðir. En ástvigðir þyrftu þeir helst að vera.

Skilningsleysi er það og vítaverð ósjerplægni, að menn skuli ekki styðja betur en er viðleitni þessara ungu íþróttamanna, sem eru að reyna að koma upp aftur orku forfeðranna, sem sjest svo vel, eigi aðeins af því, sem gerist í sögunum, heldur einnig af því, hvernig þær eru ritaðar. Jeg ætla að biðja menn að taka vel eftir því, að af þessum þrem konunghjörtuðu Íslendingum frá byrjun síðustu aldar, sem svo oft eru nefndir saman, þá er Baldvin Einarsson, sem Bjarni, (og hann kunni best menn að sjá) nefnir »gersemi vors söðurlands«, sá, sem sterkastur er líkamlega og langbest pennafær, enda djúpvitrastur; og er ekki með þessum orðum á neinn hátt leitast við að gera lítið úr Tómasi eða Jóni. Hvilikum skorti á ættjarðarást lýsir ekki fjelagsleysið í löndum í Höfn; að hjer skuli ekki einu sinni vera tit neinn staður, þar sem Íslendingar geta átt athvarf og sjá mætti að minsta kosti hið helsta af því, sem á prent kemur á íslensku. Og hvilíkt andlegt afleysi ber það ekki vott um, að hjer skuli ekki vera haldið út neinu íslensku blaði? Jeg efast ekki um, að sumir þeir Íslendingar og hálf-Íslendingar og jafnvel Danir, sem magnast hafa af íslenskri verslun, mundu vilja styðja slíkt fyrirtæki, ef augu þeirra væru opnuð. Afleysið stafar nú nokkuð af þeim misskilningi, að danskan sje nokkurt mál á við íslensku, eða jafnvel betra,

eins og eigi allfáir virðast ætla, eða að minsta kosti láta þeir svo, þar sem þeir sletta oft dönsku.

Hjer verður mjer að minnast Vestur-Íslendinga, sem eru ennþá ver á vegi staddir í ofurmegni enskunnar. Og er þeim nokkur vorkunn þó að þeir sjái ekki hvíllkt heimsólán annað eins hrognamál er eins og enskan, sem jafnvel sligar stundum eins fornnorrænan skáldjötun og Byron er. Og aðdánlega er það gert af Stefáni G. Stefánssyni, að halda uppi heiðri íslenskunnar eins vel og hann gerir þarna vestur frá. (Frh.).

Ferðasaga.

Estir dr. Helga Pjeturs.

11.

Jeg var að skrifa dönsku í gær. Málið er mjer ekki til fyrirstöðu, og annars heldur ekki, þó að jeg skrifi þýsku. En jeg nýt mín ekki til fulls í útlenskuuni og verð að hressa mig á íslensku á milli, þó að jeg neyðist til að fara í önnur mál við og við. Altaf er jeg að verða feðrunum þakklátari og þakklátari fyrir Íslendingasögur, og mæðrunum líka. Því af ástæðum, sem sumar þarf ekki að taka fram, væru án mæðranna engar sögur til. En mæðranna er of lítið getið í sögum vorum, einkum þeirra, sem voru slíkar unnustur, sem eigi aðeins var unun að sjá og finna, heldur einnig að heyra og tala við; þeirra, sem komu einhverjum til

að skapa orðið málvina. Án þess að karl og kona taki saman og sjeu hvort öðru til yndis, verða, eins og kunnugt er, engin börn, að minsta kosti engin góð börn, þau sem skapa fegri og betri framtíð, ef þau eru rjett metin. Og sama nær í rauninni, meir en allir vita, til alls, sem miðar til að bæta og gleðja. Það getur ekki orðið, að minsta kosti ekki nálægt því eins vel og má, nema karl og kona hafi orðið samtaka og hvort öðru til unaðar.

Hjer lá mjer við að fara niður í prjedikunarstíl; en það, sem mjer kom í hug í upphafi þessa kafla, var að spyrja, hvort menn hefðu ekki fundið í Njálu, þar sem best er, að einhver kvensnillingur er nálægt. Auðvitað hafa þar orðið að koma til einhverjar eldri. En geta þær síðustu ekki hafa verið Valgerður á Keldum eða Solveig dóttir hennar? Báðar voru forkunnar fagar og svo vitrar, að Snorri (og Ormur?) höfðu unun af að tala við þær. Sturla Sighvatsson þarf hjer ekki að nefna, og munu víst fæstir skilja, nema þeir hafi því betur lesið Sturlungu, hvað jeg á við með þessum orðum. En það verður ekki útlistað nema í svo löngu máli.

Fyrir tveimur árum, eða skemri tíma, hefði jeg hiklaust fullyrt, að Njála væri mesta listaverk íslenskt. Nú er jeg efinn í, hvort ekki komist til jafns við Njálu að frásagna-

snild önnur fornsaga, þar sem kvensnillingurinn er ennþá nær. Sú fornsaga heitir Kötlu draumur og stendur í Þjóðsögum Jóns Árnasonar og Magnúsar Grimssonar, sem raunar hefði átt að nefna fyr, að hinum ólöstuðum. Það er auðvitað fyrri frásagan, sem jeg á við. Kötlu draumur hefur komið mjer til að minnast þess, að Ari sterki, sonarsonur Ara fróða, lagði lag sitt við Guðnýju, móður þeirra Sturlusona, að Sturlu dauðum. Hvað vitur kona Guðný var má sjá af Gylfaginning, Heimskringlu og Egils sögu. Þar sem Snorra tekst upp, eins og í Ásbjarnarsögu Selsbana og víða í Eglu, einkum þar sem Arinbjörn kemur til sögunnar, þá er snildin svo með afburðum, að það verður að lesa langa hríð í Njálu, til þess að sjá, að hún er betri. Þó að maður vissi ekki, hvað Hvamms-Sturla var glöggskygu á kvenfegurð, þá mætti sjá fegurð Guðnýjar Snorramóður á því, að annar maður, sem vel kunnir að mefa vit og vænleik, Jón Loftsson, bauð Snorra til fósturs fimm vetra gömlum; vel hefur honum litist á denginn. Og hver maður Jón Loftsson var, má nokkuð marka af því, að karlinn Sturla fær sig til að láta af hendi við hann, í annan landsfjórðung, þennan yngsta son sinn.

Hvað þeir voru sterkir þessir fornu fræðimenn, má sjá af því, sem segir um Ara Þorgilsson yngra, seinni mann Guðnýjar. Hann bar sjö manna byrði og hefur verið langt um meiri burðamaður en

Hjörleifur sterki. Hann dó að vísu af þessari aflraun, enda var hann farinn að eldast og hún kom honum á óvart. Og um 1200 hafa Íslendingar verið hættir að þaulæfa sig, eins og þeir gerðu áður, sakir áhrifa kristindómsins. Jafnvel Ólafur Tryggvason var farinn að verða mótsnúinn leikum, þó að hann ljeki sjálfur. (Frh.).

Frøðasaga.

Eftir dr. Helga Pjeturss.

12.

Það liggur við að mjer falli allur ketill í eld, þegar jeg á tal við Dani um eitthvað íslenskt, sem mjer er áhugamál að menn skilji. Jeg var að tala við tvo kunningja mína danska hjerna um daginn, gáfumenn mikla og námsmenn og vísindamenn góða í sinni grein. Verður annar þeirra líklega bráðum háskólakennari, en hinn hefur annað vísindastarf, og er efnamaður mikill og fjesæll, enda Gyðingur í sum- ar kynkvísli, þó að bláeygur sje. Er jeg altaf að sjá betur og betur hvíllt Gyðingaland Danmörk er, og það svo mjög, að mjer kemur beinlínis í hug Kanaan. Líka flýtur þetta land í mjólk og svinafeiti, og hunang er hjer einnig til, þó að of lítið sje af því hjer í gjafbitabúðum. Hafa Gyðingar ekki brotist hjer til landsins og þess gæða með vígum og hryðjuverkum eins og í Kanaan forðum, heldur náð yfirráðunum með svo mikilli lægni, að fæstir Dánir vita til

fulls hve mjög þeir eru í Gyðinga-klóm. Bæði Mansfeld Büllner heitinn og Waldemar Petersen, sem mest hafa grætt á fákænsku Íslendinga um kynjalyf, eru niðjar Abrahams, og annars eru flestir þeir kaupmenn, danskir og fleiri, sem verst hafa leikið oss í verslunarviðskiftum, Gyðingar, eigi aðeins í óeiginlegri merkingu orðsins, eða Gyðingaættar að nokkru leyti. Hver sá, sem vill reyna að átta sig eitthvað á Kaupmannahöfn og annars dönsku þjóðlífi, verður að læra að sjá hvað drjúga þætti Gyðingar eiga hjer, og er það þó ervitt, því að margt af því, sem vjer álitum einmitt einkennilega danskt, er Ísraelsættar, eins og jafnvel danska kok-errið, sem mjer fyrir mitt leyti er svo illa við, að mjer þykir hver sá Íslendingur minka sig dálítið, sem reynir að taka það upp í sig. En ekki er því að leyna, að Gyðingum mun það vera mikið að þakka, hvað Danir eru framarlega að menningu, líklega fremstir af Norðurlandabúum nú sem stendur, þó að aðrir Norðurlandabjóðir sjei mun efnilegri. Hefur maður eins og Georg Brandes átt mikinn þátt í að vitka þjóðina að ýmsu leyti. En ekki hygg jeg, að það sje norrænu kyni eindregið til hollustu að blandast Gyðingum, og mætti líklega sýna fram á það jafnvel af íslenskri ættfræði, þó að miklu sje minna af Gyðingablóði í Íslendingum en öðrum Norðurlandabúum. Söffrin Jensen, sem þið þekkið af Árbókunum og mjer er einna verst við af Dönum þeim, sem ráðið hafa

á Íslandi, hygg jeg verið hafi Gyðingur. Þó er þetta getgáta ein, og engin vísindi, og vitna jeg hjer í Ara, er hann segir, að hvað sem missagt er í fræðum þessi, þá er að hafa það, er sannara reynist. Jeg hef lesið Ara með mikilli fyrirhöfn, sakir þeirrar fátánlegu stafsetningar, sem er á Íslendingabók. Ari fornyrðir mjög, og minnir dálítið á Tacitus; hygg jeg að Ara, sem kominn var í karlegg af sjálfum goðunum, hafi þótt sumt veiklegt í hinum nýja sið, eins og Bolla manni Guðrúnar langömmu hans, og þráð sumt úr fornaskju og orðið þá dálítið rangsnúinn; en ekki ætti að halda því fram meir en nauðsyn er á, þegar Íslendingabók er prentuð, og gera hana með því torlesnari. Eftirtektarvert er að Ara kemur ekki til hugar að nefna Ólaf Haraldsson helgan, heldur kallar hann Ólaf digra.

13.

Jeg hætti við að segja af þessu samtali, sem jeg drap á hjer að framan. Það varð mjer tilefni til danskrar greinar, sem ef til vill kemur einhverstaðar. En það, að verða danskur rithöfundur, er nú raunar miklu erfiðara fyrir þá, sem ekki eru í skapi til að semja lygasögur, sem menn á þessum óvitrari tímum en áður voru nefna skáldsögur, eða leikrit. Jeg hef spilt mjer nóg á því að lesa skáldsögur um æfina, þó að jeg geri það ekki ennþá meir með því að reyna að rita slíkt. Það er að vísu góð skemtun oft, að lesa vel til

Ferðasaga.

Eftir dr. Helga Pjeturss.

14.

Jeg býst við, að ýmsum muni þykja of lítið ferðast í þessari ferðasögu, þó að víða sje nú við komið. Og vona jeg að geta bætt úr þessu síðar meir. Og ekki skal það verða mjer að kenna, ef jeg kemst ekki alla leið suður í Himalaia, hvenær sem það verður. Og satt að segja er jeg efnin í, að það verði nokkurn tíma. En Himalaia þýðir Himinfjöll, eins og skáldið segir:

Ár var alda,
arar gullu,
hnigu heilög vötn
af Himinfjöllum.

Manni kemur í hug, hvað mörg þúsund ár muni hafa þurft að fást við að yrkja á þessu máli áður en svona vel gat tekist. En frá sumu efni því sama, og þó með öðrum orðum, segir Kipling í sögu, sem heitir Björn Bögudur (Purum Bhagat). En Bögudur þýðir skáld. En þó veit jeg þetta ekki; mjer kom annað í hug fyr, sem kann að hafa verið rjettara, og er þetta leikur og engin vísindi, eins og nokkuð af því, sem segir hjer eftir og mjer kemur í hug vegna þess, að nú er hætt við að logi upp úr þar suður frá, og er ógurlegt um að litast, eins og segir í Darraðarljóðum, sem eru ekki alveg ósamboðin sögunni, sem þau standa í. En það, sem jeg ætlaði að gera að gamni mínu, var, að láta Múhammed þýða Múghamdi, eða Múg-

fundnar og laglega sagðar lygasögur, en aldrei alveg ósagnæmt. Þær villa okkur sjónir. Og oss riður svo á því, að vita rjett hvað gerðist og gerist. Og háskasamlegt er, þegar skáldið er, eins og oft kemur fyrir, að reyna að telja lesandnum trú um, að lygasagan hans

sje sönn saga. Jeg er altaf að verða fastari og fastari í fylgi mínu við sannleikann, þó að mig vanti að visu máttinn, miklu meir en jeg vildi. Mjer virðist skáldsöguritunin hafa lamað nokkuð hugsunaraflið, jafnvel hjá þeim, sem skarpvitrastir era í skálda röð, eins og Herbert Wells eða Anatole France og Arthur Schnitzler. En það virðist í fljótu bragði nokkurs konar heimska, að vera að rita íslensku fyrir mann, sem er pennafær á önnur mál, þrjú held jeg mjer sje óhætt að segja, og á kunningja í fremstu rithöfunda röð.

Hjer kemur mjer í hug, að eitt-hvað af því, sem áður var sagt, kunni að særa sagnaskáld vor, en ekkert er jeg áfram um það, og eiga þau of örðugt í samanburði við ýmsa þá, sem erfitt er að sjá, hvaða gagn vinni. En skáldin vinna því meira gagn sem þau eru sannorðari og, ef jeg má gera svolítið að gamni mínu, óskáldlegri. Alt er í samhengi, alt hvað öðru háð; og hvað þetta gerir erfitt að ná í sannleikann í listum og skáldskap, hefur Schopenhauer tekið fram einhverstaðar af nærri ótrúlegum skarpleik, þó að ekki sjáist fyrir en betur er að gætt, hversu djúpt hana legst á þessum stað, sem jeg á við.

(Frh.).

hömuð. Þetta kemur sjálfsgagt flatt upp á ýmsa, sem ekki muna, að í Aröbum og ýmsum þar suðurfrá eru norrænir þættir, og mun jafnvel orðið Arabía eiga skylt við Öræfi, en í Marokkó eða Máaríki heita Ægisdyr (Agadir). En Beduin er sama sem Bøðvin. En Bøðvinir gætu verið komnir af Vandælum, þó að mikið sje þar saman við, en Vandælir voru norðan úr Noregi, eins og nærri því segir í sögu þeirra, þó að það sje raunar milli línanna. En þar er, eins og jeg hef tekið fram einu sinni áður, oft það fróðlegasta, jafnvel í bestu bókum, eins og Njálu. Konung áttu Vandælir, sem Geirrekur hjét Goðgíslason, en faðir Húnreks. Hefur Geirrekur verið svo líkur ýmsum Noregskonungum, að furðu gegnir, einkum þeim Ólöfunum og Haraldi harðráða; vikingur hinn mesti, ráðkænn og sigursæll og trúarofsamaður eins og Ólafur Tryggvason. Hjeldu Vandælir sig mjög að kenningum Ara biskups, sem á latínu var nefndur Arius, og eru þar langar frásagnir, og þó lítið hjá því, sem gerðist í bardögum, pindingum og annari illheimsku. En Geirrekur vann Rómaborg og hafði þaðan á burt ýmislegt, sem oss er eftirsjá í, og þeir Vandælir, en brutu sumt.

15.

En það var nú raunar alt annað, sem jeg ætlaði að tala um. Kunningjakona mín, sem jeg átti tal við um daginn, sagðist hafa heyrt, að jeg væri orðinn andatrúarmaður (spiritisti) og varð mjer felmt við. Með því að telja mig

andatrúarmann, væri mjer skipað í flokk, sem jeg á ekki heima í, og jeg á annars ekki heima í neinum flokki. Enginn flokkur heldur nógu fast fram því, sem jeg álit aðalatriðin, og hvað það sje, má sumt ráða nokkuð af því, sem jeg hef skrifað á íslensku. Og þó að það kunni að þykja nokkuð ríkt að orði kveðið, þar sem vjer eigum snillinga, sem komast þar langt áleiðis, þá verð jeg þó að segja það, að enginn þykir mjer nógu sannfærður um ágæti íslenskunnar. Væru menn nógu fasttrúaðir þar, þá væri margt öðruvisi en er, og ekki slett eins dönsku og gert er í kaupstöðunum, þessum, sem jeg hef einhvern tíma líkt við kyli á sjúkum líkama. Og í Kaupmannahöfn, Gyðingabænum, sem einu sinni var danskur, og þar sem á einu torginu stendur hálfgerð skripamynd af Absalon, sem upphaflega hefur líklega heitið Axvaldur eða Axi (eða einhver af forældrum hans), líkt og Saxi. En öxi völdu sjer mjög að vopni sterkir menn, og atgeir, ef fimir voru eigi síður en sterkir. En ekki þykir mjer þessi Absalon á Hábrúartorgi kraftalegur eða fornhetjulegur, hjá því sem erkibiskupinn mun verið hafa, og öðruvisi er Ríkarður ljónshjarta, þar sem hann situr á hesti sínum hjá þinghöllinni í Lundtúnunum. Jeg ætla að gamni mínu að láta eins og stafur hafi fallið úr í orðinu Lundúnaborg. En þó að Absalons-myndin sje ekki góð, þá er hún þó hátið hjá Ingólfsmynd Einars Jónssonar, sem

ætti að láta á safn, ásamt því, sem ritað hefur verið henni til lofs, sem minningarmark misskilnings okkar á forfeðrunum. Myndin er líka farin að eldast, og Einar getur miklu betur gert nú. Mjer virðist Einari svipa dálítið til Thorvaldsens í andliti, og þá er líklegt, að fleira fari eflir og er vonandi, að hann fái að bæta sig á Ingólfsmyndinni.

16.

En svo jeg viki aftur að andatrúnni, þá held jeg, að andatrúarmenn hafi oft rjettara fyrir sjer en móttöðumenn þeirra. Bak við þessar athuganir, sem þeir hafa hálfert og misskilið, leynist merkilegur sannleikur. En myrkratilraununum ætti að hætta. Þær leiða trauðla til góðs.

Sú trú, sem mjer er mest umhugað um, sem stendur, og virðmest þörf á að prjedika, það er líkamstrú. Það væri skemtilegra að lifa, ef að síðustu 20 kynslóðir forfeðra vorra hefðu haft þá trú; eins vel eins og næstu 20 kynslóðirnar þar á undan. Hroðalegasti misskilningurinn í allri mannkynsögunni er sá, að það sje best að losast við líkamann og vanrækja hann, og sá annar, sem þeim er náskyldur, að samfarir karls og konu sjeu svívirðilegar í sjálfu sjer. Jeg hygg það hafa átt ótrúlega drjúgan þátt í ófriðleik hins núverandi mannkyns, einkum kvenfólksins, að menn hafa getið börn sín oft og einatt með illri samvisku.

Mannkynið hefur ekki nógu vel þorað að líkjast blómunum, sem breiða sig á móti sólunni og roðna af ánægju en ekki blygðun. Þetta er nú raunar nærri því eins og það stæði í skáldsögu, en þó má með lagi læra dálítið á að lesa það.

Af því, sem áður er sagt, munu menn geta skilið, hvers vegna mjer þykir vænt um að sjá þess merki, að nú sje að lifna dálítið aftur líkamsdyrkun forfeðra vorra, og hvers vegna mjer mundi þykja gaman að geta stutt dálítið þann, sem mestur er kappinn af þessum íþróttaviðreisnarmönnum vorum. En það er Sigurjón Pjetursson. Þegar komið verður lengra áleiðis í skilningi, munu menn ekki láta slíkan mann standa í búð allan daginn og vinna ýmislegt það, sem vel geta gert þeir, sem ekki eru tveggja manna makar, heldur mundi hann fara um landið við og við og með honum sveit ungra efnismanna og mundu þeir skemta fólkinu og fræða það. Og þó að þá kynni eitthvað að fara eins og þar sem Vilhjálmur faðir Smíða-Sturlu var í för, þá væri það enginn skaði. Leikir mundu takast upp aftur, þegar unglingar væru alment farnir að geta hlaupið eina mílu eða tvær, án þess að mæðast, eins og hægt væri, einkum ef ekki færi svo mikið af króftum í að vinna upp hvað menn verða að sæta illri meðferð á fyrsta árinu flestir; og smátt og smátt mundi mönnum hætta að leiðast í sveitunum. En nú er farið að framorðnast æði mikið og læt jeg hjer staðar numið.

Jeg sá í gærkvöldi nokkuð, sem mjer getur þótt gaman að sjá. En það voru óvanalega fallegir handleggir. Það var kvenmaður, sem handlegginn átti. Það var ekki laust við, að mjer fyndist, sem einhvern af sonum mínum mundi langa til að eiga slíka móðurarma í ætt sinni. Og þegar jeg gætti betur að, sá jeg að öll stúlkan var svona frábærlega vaxin. Hjer býr ekkert undir frásögninni af því, sem nefnt er ósæmilegt. En jeg sje sumt í gegnum.

Öðru tók jeg eftir í gær, sem mjer þótti smáskemtilegt. Það er hvað latneska orðið »hasta« þýðir og hef jeg þó raunar lengi vitað, að það þýðir spjót. Spjót, furðulega háskæft og digur sköftin, voru, að því er Tacitus (Þöguður) segir, þau vopn, sem mest tíðkuðust með Germönnum (enormes hasta). Get jeg þess til, að af því sje nafnið Geirmenn. En hvað »hasta« er, kemur glögt í ljós, ef bætt er við endingunni ung: hastaung, hástöng; en hasta, há-stá er auðvitað nafn geirmanna á aðalvopni sínu, og sjest af því, eins og ýmsu öðru, að það var ekki þýska, sem þeir töluðu á Þýskalandi þá, heldur mál, sem var nærri því eins líkt norrænu (Íslensku), eins og fuglinn í gátunni hrafninum. Er þetta býsna fróðlegt, þegar það er rakið, en erfitt að átta sig á því fyrir Þjóðverja og ef til vill aðra. Líkt og stöng er fyrir sta-ung, er röng fyrir ra-ung og hjálpar það til að skilja

nafnið Rangá.

Enn fleira skildist mjer í gær. Menn hafa ef til vill veitt því eftirtekt, að þau kvæði, sem Snorri Sturluson hefur einna mesta skemtun af, eru Haustlöng Þjóðólfs úr Hvini og Þórsdrápa Eilífs Guðrúnarsonar. Hvortveggja kvæðið er ort af hinni mestu snild, og var jeg lengi í vafa um, hvort þetta væri, en fanst þó helst sem Þjóðólfur mundi hafa verið meira skáld. En hver maður Þjóðólfur fróði var, má nokkuð marka af því, að Þorgrímur Þjóðólfsson úr Hvini var einn af köppum Ólafs Tryggvasonar á Orminum langa, þar sem komnir voru þeir menn, sem fríðastir voru og sterkastir á Norðurlöndum (utan Íslands). En þó var þar af Íslandi Ormur Skógarnef, hálfbróðir Gunnars á Hlíðarenda, og líklega fleiri. En í gær fanst mjer sem Eilífur Guðrúnarson mundi verið hafa þetta skáld og meiri maður en Þjóðólfur. Hvílikt flug og afl er ekki í Þórsdrápu, þó að myrkt sje kveðið? Það er eins og einhver járnkúlnaslöngvanleikur. Og sumstaðar er auðskilið, þar sem skáldinu tekst best upp:

»Ógndjarfan hlaut Atli
eirfjarðan hug meira.
Skalfa Þórs nje Þjalfa
þróttarsteinn við ótta«.

Þetta er ennþá þetta en snildarort Þjóðólfs:

»Ók at ísarnleiki, o. s. frv.

Það kemur svo glögt fram í orðunum, hvernig Eilífur hlakkar yfir eigin afli og frændsemi við Þór og fegurð íslenskunnar. Mjer hefur komið í hug, hvort Eilífur Guðrúnarson muni ekki hafa verið sonur Guðrúnar Ósvífursdóttur; það var mesta kraftaætt; en í föðurætt átt að telja til Eilífs Arnar og verið frændi Atla hins ramma. Og ætlast jeg þó ekki til, að mikið mark sje tekið á slíku.

Það er svo skemtilegt að finna aflið bak við hjá fornskáldunum; þeir voru ekki kúgaðir fram í ættir eins og síðari tíma menn. Hrynjandinn í orðum Arnórs: »Magnús hlýð til máttigs óðar« o. s. frv., þykir mjer ennþá öflugri en í hinni fögru hrynhendu Jónasar: »Reisum trje svø renni að ósi« o. s. frv. Arnór Jarlaskáld er einn af þeim mönnum, sem sagan gerir rangt til. Sagan segir, að Arnór hafi ekki þorað að Gretti, og gefur í skyn, að hann hafi enginn garpur verið. Auðvit að hefur sagan rangt fyrir sjer; það var af hyggindum en ekki ragmensku sem Arnór hætti sjer ekki undir vopn Grettis. Og svo er ekki að vita, nema hann hafi unt Gretti sauðanna. Grettir var gáfumaður mikill og snillingur, eins og fleiri útilegumenn. Það var hann, sem kvað þetta:

»Gekk eg í gljúfrið dökka,
gein veltiflug steina«. —

(Frh.).

Ferðasaga.

Eftir dr. Helga Pjeturss.

17.

Það er auðvitað margt verra. Eins og t. a. m., að sjá börn sín gráta, ef eitthvað verulegt amar að þeim, eða vita — en jeg sleppi því. En altaf þykir mjer skrambi leitt að sjá prentvillur í ritgerðum mínum, og finst það nokkurs konar rógur og álygar á mig. En mjer er mikið áhugamál, að menn haldi, að jeg sje vel pennafær. Að lesa og skrifa er þær íþróttir, sem jeg hef lagt mesta rækt við, og þar sem jeg hygg mjer fáa snjallari. Jeg veit, að það er nokkur áhætta að skrifa svona og geri það einmitt þess vegna. Og hvergi biðst jeg hlífðar, fari jeg með rangt mál. En hvað prentvillurnar snertir, þá veit jeg að prenturunum er nokkur afsökun. Því að mjer hættir við stundum að láta pennann rata götu sína. Ýmsar prentvillur eru í greinum mínum í Lögrjettu 2. nów. og var mjer verst við þá, sem breytir svo máli, að það er eins og jeg sje að hrósa I. P. Müller fyrir það, sem jeg álit slæman galla á honum og varla sæmandi svo vitrum manni; en það er, að honum hættir við að gera of lítið úr sumu því, sem virðist ógagnleg vísindi.

En þó ekki væri annað, þá er það upphaf að því, að fyrirlita öll vísindi, og væru þá mennirnir illa farnir. Vísindin miða til að efla sannleiksástina, en þess þarf svo mjög með; öll lygi og allur mis-skilningur leiðir á endanum til ills. Mjer er illa við að sjá á sumum vísindamönnum, að þeim finst þeir nærri því þurfa að biðja afsökunar á því, að þeir fáist ekki við eitthvað fjevænlegra, og hafa ekki nóg yfirlit til þess að sjá, hvað þeir eru einstaklega vel komnir að sínum vanalegu litlu verkalaunum. Mjer kemur til hugar maður, sem hjét Jónas Hallgrímsson, sem svalt á Íslandi og í Kaupmannahöfn og fór oftast á mis við það, sem hann þráði mest og vænlegast hefði verið til að efla hann, okkur, sem síðar lifum, til gagns og gleði, á sama tíma, sem ýmsir misyndismenn og mörsugir þjóðarinnar nutu þess, sem landið hafði best fram að bjóða. Af dagbókum Jónasar og brjefum má sjá, að það eru engar ýkjur, að hann hefur soltið stundum í Kaupmannahöfn, ekki getað fengið sjer að borða. En ekki þurfti mikið að skína á þennan söngfugl, til þess að hann kvakaði svo, að ennþá er unun að. Þegar hann var í Sorö, virðist hann hafa kynstfríðri danskri stúlku. Ástin fær hann til þess, sem honum er ekki eiginlegt, að skrifa dönsku í dagbók sína. »Min hvide, min dejlige Hind«, kallar

hann þessa stúlku. En kossavísurnar yndislegu, sem víst eru frá þeim tíma, eru á íslensku, eins og kunnugt er. Vonandi, að hann hafi komist svo langt, að kyssa hindina sína. Ástleysið var Jónasi svo erfitt. Og það var hans eiginlega banamein. Eins og skiljanlegt er: Í slíkum mönnum er lífsþráin svo sterk. Og dauðinn er svo erfiður og öll drög til hans. En ástin er lind lífsins. Tilraun til að sigrast á dauðanum.

Seint verður sá skaði bættur, að engin íslensk stúlka skyldi bera gæfu til að fá Jónas Hallgrímsson til að lofsyngja ást og kvenfegurð. Eins og hann gat lofsungið. Landið sá hann í allri sinni fegurð, íslenskan kvenmann aldrei. Það er hægt að sjá það af kvæðum hans. Gunnarshólmi er þar, og fleira, sem varla fyrnist. En bestu kvæðin vantar. Því að kærari er mey en mæri. Hvað mey er annars fagurt orð. Það er svo mikil ást í því. Og mikill er sá ójöfnuður, að vilja taka það af konu, þó að hún hafi unt manni faðmlags. Það minnir á, hvað oft þver ástin, þegar það er fengið. Og er slíkt þó vanþakklæti, ef menn hafa sjest svolitið fyrir áður en þess var farið á leit. Mjer er stundum að koma í hug, hvort muni vera sljóskygnara og kúgaðra frá því sem vel var íslenskt, karlar eða konur á Íslandi. Jeg held nærri því, að það sje kvenfólkið. Og ills viti er það, að heyra má konur telja

Ferðasaga.

Eftir dr. Helga Pjeturs.

18.

mönnum það til hróss, að þeir sjeu svarthærðir, og það þó hárið sje raunar ekki nema dökkjarpt, og mönnunum því gert rangt til. Það er þessu skyldara en menn halda, hvað hárprýðin hefur horfið íslensku kvenfólki, sem fyrrum gat hulið sig í hárinu sumt, þó að þar komi auðvitað líka til ótti og hat-ur á lofti og ljósi. Alnarlangt hár og þaðan meira er nú víst ekki til á Íslandi, nema þar sem hár-
fegurð hefur legið fastast í ætt-
kvíslum. Og meiri hárprýði má
nú sjá annarstaðar, en svo var víst
ekki áður, þegar sólskin var meira
á Íslandi og betur notað og heitar
var elskað og frjálsar. Því að slíkt
fer auðvitað eftir lífsafli, og hver
efast um, að það hafi verið meira
áður á Íslandi. Og svo var ekki
ástin svívirt í heiðni, eins og síðar
varð.

»Glögt jeg skil hví Geitskór vildi
geyma svo hið dýra þing—«,

segir Jónas. Svo mjög sem jeg dáist
að Jónasi, þá held jeg samt, að
þarna hafi hann ekki skilið eins
glögt og hann hjelt. Þó þori jeg
ekki að fullyrða, að jeg geri hon-
um ekki rangt til. Hann var svo
gamansamur innanum og þagði
yfir mörgu, sem hann vissi.

Þessi kapituli átti að vera um
prentvillur. En mjer rann fljótt
reiðin, og þá fór á þessa leið. Jeg
vona, að það verði fyrirgefið.

Í dag ljetti af haustríningunni
um stund og í sólgætunni sáust
hvitvængjuð seglskip kljúfa bláa
báru, og annars mörg eimskip líka,
sem drógu reykin á eftir sjer; en
hitt sá jeg ekki, þó að jeg viti það,
hvernig skráfan þrælaði þeim á-
fram. Þetta var nú í gær. Í dag
er alt daprara og þó leikur ljós-
græn bاران yfir hvítgráum sand-
inum og mig mundi ákaft langa til
að leika mjer svolítið líka með bár-
unni og í henni, ef jeg væri ekki
svona skrambi kulvís. Og þar að
auki er það ekki hægt, því að bú-
ið er að taka upp öll baðrúmin
hjer. Jeg skil varla í, hvað fólkið
er kveifarlegt, það sem er við nokk-
urnveginn heilsu. Sje ekki í manni
andvökuhrollur eða slíkt, þá er
mikil ánægja að fara í sjó, þó að
frost sje, ef annars er gott veður,
eins og ýmsir Íslendingar hafa
sýnt, og sumir hjer líka raunar.
Mjer er sagt, að í Kaupmannahöfn
sje til eitthvert sundfjelag, sem
nefnist »Vikíngar«. Ekki veit jeg,
hvort Íslendingar eru í því fjelagi,
svo margir sem þeir eru hjer. Jeg
hef heyrt, að eitthvað 2000 Íslend-
ingar muni vera að strjálást og ein-
stæðast hjer í Danmörku og margt
af því kvenkyns, og á sumt á
hættu að verða illa danskt. En jeg
sje að jeg verð að hætta. Mjer
tekst ekki að varpa svo af mjer þess-
ari skapþyngd, sem stundum ásækir

mig, að jeg geti farið nógu gaman-
samlega með efnið og svo, að ís-
lenskunni sje sómi að. *En íslensk-
an er eitt af því, sem mjer liggur
við að lofa guð fyrir. Eða goðin.

Jeg kemst svo að orði af því að
jeg vil ekki láta halda, að jeg trúi
á Jehóva. Hvers vegna tekst ekki
betur að festa íslenskuna í íslensk-
um brjóstum en raun ber vitni?
Hvers vegna verða börn Íslend-
inga í Danmörku og Vesturheimi
dönsk og ensk í máli fremur en
íslensk? Hvers vegna er ekki þetta
eitt aðalumræðuefnið þing eftir
þing? Íslendingar í útlöndum ættu
ekki að tapast íslenskunni, heldur
græða út það, sem best er íslenskt.

19.

Það má víst með talsverðum
sanni segja, að heimskan sje undir-
rót alls ills, missýningar, misskiln-
ingur og ónóg þekking. Flest ilt,
sem fyrir mig hefur komið um
æfina, get jeg rakið til einhverrar
heimsku, stundum eigin heimsku,
miklu oftast til heimsku annara.
Hversu mikið ilt leiðir ekki af því, að
almenníngur veit eiginlega ekki enn-
þá, að menn þurfa að anda? Oghversu
miklu minna væri ekki um illmæli
og álygar, að minsta kosti sjer til
skemtunar, ef menn vissu meir í
annara brjóst, og myndu hvernig
það er, þegar blóðið logar í djúp-
um sárum, eins og Jónas, sem
sjálfur mun reynt hafa, segir af
einhverri sinni mestu snild. Leitt
er það annars, að Jónas skyldi ekki
segja meira af hörmum sínum, úr

því að hann kunni svona vel að
æpa eftir nótum, eða rjettara sagt:
í hljóðstaf. Hví skyldi jeg ekki oft
minnast Jónasar? Hann hefur kent
mjer svo mikið og skemt mjer svo
vel. Í honum var svo vel stefnt að
því, sem best er íslenskt — en því
miður líka svo sárt fundið til. Hvi-
líkur einssæðingsskapur! Þegar jeg
geng um þessa saurgráu götugel, sem
nefnist set. Pederstræde, og annars
oftast, kemur mjer í hug maður,
sem gengur eftir stjettlinni nokkuð
valtur á fótum, hverfur inn úr dyr-
um þar að götunni, sundlar, þegar
hann kemur inn í myrkrið, svo að
hann snýst öfugur í stiganum, fellur
niður og fótbrotnar. Og furðan-
lega rólegur beið hann dauða síns,
svo mikið sem þar fórst. Og karl-
menni var Jónas, eins og meðal
annars sláttuvísurnar sýna. Jeg hef
aldrei fyr en í sumar slegið nógu
vel til að kunna að meta þær. Það
þarf að hafa skemt sjer við orfið
til að geta kveðið svona:

»Fellur vel á velli
verkið karli sterkum;
syngur enn á engi
eggjuð spik og rýkur
grasið grænt á mosa,
grundin þýtur undir«.

Það þarf að hafa þetta yfir á
teig, með ljáinn í höndunum og
kunna vel á honum að halda;
annars meta menn ekki til fulls, hvað
vel er kveðið. Vísan minnir mig
á aðra, miklu eldri, en þar var nú
fastar höggvið og blóðugar, og hætt
við, að kvöl hafi komið á móti
skemtuninni; en svo má helst ekki

vera. En skemt hefur Egill sjer stundum »að samtogi sverða«. Heyrið:

»Höggvum hjaltvönd skyggðum,
hæfum rand með brandi,
reynum randarmána,
rjóðum sverð í blóði« o. s. frv.

Jeg held, að það muni hafa verið talsverður ættarsvipur með Jónasi og Agli. En vitanlega var Jónas gerður af svo miklu meiri vanefnum líkamlega heldur en ættfaðir hans. Forfeður Egils höfðu ekki soltið, öld eftir öld, og aldrei kúgast látið, og Egill hefur verið hátt á fjórðu alin og mjög fáir þurft að reyna við hann afl. En hálsdigerð Jónasar og herðar minnir á Egil, og svo granstæðið, sem var mikið, og breiðir kjálkarnir. Og sjálfsagt líka nokkuð augun. Og Egill unni konu sjer til ama um tíma. Því að Ásgerði þótti Þórólfur friðari, sem von var. Og heldur gerði Egill sjer upp veiki en vera í brúðkaupi bróður síns. En þó fjekk hann konunnar eftir fall Þórólfs, eins og kunnugt er af sögunni. Síðustu setningarnar tvær eru nokkuð til lýta, en kenna einhverjum að lesa betur Egilssögu. Og er eitt í trú minni, að oss sje nauðsyn á að læra að lesa betur sögunnar en enn hefur gert verið, og meira að segja kenna öðrum Norð-

urlandabúum líka að lesa þær. En þar er nú við raman reip að draga, sem er fyrirlitning Norðurlandabúa og misskilningur á Íslendingasögum og ýmsu því öðru, sem íslenskt er. Og kemur það nú nokkuð til af því, að vjer höfum of mjög kúgast látið, og þorum ekki að líta eins og vert er á það, sem vjer eigum best, höfum látið setja á oss útlend gleraugu stundum, þar sem vjer mundum sjá betur berum augum. Sá, sem skilur vel orðið »ný-íslenska«, veit hvað jeg á við.
